

Rannsóknir á vatnasvæði Laxár í Dölum og Fáskrúðs 1991

Mars 1992

Inngangur

Fyrsta ferðin var farin 25-26 maí til þess að setja niður seiðagildirur. Aftur var farið 12-16 júní til þess að rafveiða og fylgjast með seiðabúskap. Enn var farið 20-21 júní og veitt í Miðvatni og seiði skoðuð á ýmsum stöðum. Loks var farið 27. júlí og veitt á nokkrum stöðum, m.a. voru nokkur gönguseiði veidd á flugu í ósi Fáskrúðs.

Seiðagildirur

Gildra var sett í Þverá 25. maí en það var eiginlega fyrsti dagurinn sem vegurinn varð fær. Rörið hafði skemmst um veturinn og ekki var unnt að koma gildrunni fyrir þar vegna vatnsgang. Rétt fyrir neðan veginn greinist áin í tvennt og var gildrunni komið fyrir í vestari farveginum í beygju sem er þar á ánni. Meðan gildran var sett upp var kvíslin stífluð eins og hægt var og vatninu veitt í eystri kvíslina. Eftir að gildran hafði verið sett upp voru settar ristar í eystri kvísl til þess að bægja seiðum framhjá henni.

Gildran fór strax að veiða sem sýndi að seiðin voru farin að ganga niður. Feikna flóð gerði tveim dögum seinna og veiddi gildran því ekki. Eftir að hún fór að virka aftur veiddust upp í nokkra tugi seiða á nóttu. Enginn snjór var í fjöllum og rennsli minnkaði hratt. Mjög kalt var einnig þannig að lítið var til þess að örva seiðagönguna. Dagana 12.-15. júní var hiti 4-5 stig á daginn, norðanátt og sól. Þá tók fyrir göngur um gildruna, og hún var tekin úr sambandi 21. júní vegna vatnsleysis. Þann 14. og 15. júní fannst mikið fannst af gönguseiðum í Laxá bæði efst og neðst, Fáskrúð og Þverám þeirra beggja, en svo virtist sem þau væru að bíða betri skilyrða (meiri hita) og hreyfðu sig lítið.

Nokkrum dögum seinna hlýnaði og fuglalíf jókst snögglega í ósi Laxár. Við athugun í Laxá 21. júní fundust engin gönguseiði, hvorki efst í ánni né neðst. Seiðin voru gengin til sjávar. Þann tíma sem seiðin voru að ganga var mikil ásókn fugls í ósi Laxár en reynt var eftir fremsta megni að halda honum frá. Fuglinn virtist lítinn áhuga hafa á Fáskrúð. Kemur það heim við reynslu, að fuglinn sækir þangað sem mest er að hafa.

Seiðagildra var sett neðst í Hólmavatnsá 12. júní en hún veiddi lítið. Hugsanlega voru seiðin þá gengin úr ánni. Eitt seiðanna sem kom í gildruna var þriggja ára, vafalaust úr sleppingum.

Gönguseiðaslepping í Fáskrúð

Haustið voru sett nokkur hundruð stór seiði (merkt) í Miðvatn og var ætlunin að

þau gengju út vorið 1991. Um sjö hundruð seiðum (merktum) var sleppt í Fáskrúð vorið 1991. Báðir þessir hópar voru merktir með örmerkjum með sama kóta og er því ekki hægt að þekkja þá í sundur. Við fórum í eldisstöðina að Kverngrjóti í endaðan maí til þess að athuga ástand seiðanna sem fara áttu í Fáskrúð. Seiðin voru þá tilbúin og voru flutt í sleppiker skömmu seinna. Kerið var staðsett í Þverá, rétt fyrir neðan seiðagildruna og þannig búið um að þau gætu gengið út þegar þau kusu. Eftir um þrjá daga voru lang flest seiðin gengin úr kerinu. Rafveitt var í læknum fyrir neðan, svo og í Fáskrúð, en einungis veiddust fá seiði, nokkuð sem benti til þess að meginhluti þeirra hefði gengið niður ána.

Við veiðar í Ósi Fáskrúðs í lok júlí varð vart við talsvert stóra torfu af gönguseiðum sem virtist fylgja flóðinu út og inn. Fimm seiði voru veidd á flugu og voru 4 þeirra örmerkt. Merktu seiðin voru úr sleppingu í Fáskrúð en eitt var náttúrulegt. Niðurstöður fást úr þessarri sleppingu næsta sumar. Þá verður hægt að meta hvort slík aðgerð sé peninganna virði. Seiðin sem sleppt var voru "falleg" eins og sagt er, þau fóru út eins og til var ætlast og að öllu jöfnu var hægt að segja að sleppingin hefði heppnast vel, ef ekki hefði uppgötvast að hluti þeirra var að þvælast í ósnum langt fram eftir sumri.

Veðurfar og vatnsbúskapur

Veðurfarið var um margt óvenjulegt. Vorið var þurr og milt og enginn snjór var í fjöllum. Tveimur dögum eftir að gildran var sett niður gerði miklar en staðbundnar skúrir og mikil flóð komu í Þvera og Ljá. Þau stóðu mjög stutt og árnar duttu mjög hratt niður aftur. Eftir það kom ekki dropi úr lofti fyrr en í endaðan júlí. Þar sem jörð var þurr og enginn snjór, olli úrkomuleysið minnsta vatnsrennsli sem sögur fara af. Fyrstu tvær vikur júní var mjög kalt og mikill vindur, hiti fór varla yfir 5 stig þegar best lét. Um miðjan júní hlýnaði snögglega og sumarið varð heitt og sólríkt. Rennsli var orðið mjög lítið í Þverá um 20. júní og hitinn var kominn yfir 20 stig. Þá var torfa af gönguseiðum fyrir neðan ræsið í marga daga og virtist hún ekki "þora" út. Mikið var af tilbúnum seiðum í Miðvatni en rennslið út mjög lítið. Seiðin í Þverá voru þá farin að safnast í polla. Athugun 27. júlí sýndi að seiðin voru í pollum, en áin var þá mjög vatnslítill, þrátt fyrir að Fáskrúð væri farin að vaxa. Engin gönguseiða fundust í Þverá eftir 20 júní, utan þeirra sem sáuð neðan við ræsið. Erfitt er að gera sér grein fyrir afleiðingum þurkanna en víst er að skilyrði voru mjög erfið. Svæði þornuðu og fæðudýr drápust, hitinn leiddi til hraðra efnaskipta og orkunotkunar svo lítið hefur verið eftir til vaxtar. Sýnataka 27/7 við Helgabakka sýndi að seiði þar höfðu vaxið mjög lítið.

Seiðarannsóknir

Niðurstöður aldursgreininga eru í Gagnasafni bls. 7-13. Aldur seiðanna var ákvarðaður af kvörnum þeirra. Auk þess að lesa aldurinn, var fjarlægð einstakra áhringja frá miðju mæld svo reikna mætti út vöxt seiðanna aftur í tímann svipað og venjulega er gert út frá hreistri á urriða t.d. Við mælinguna var notaður lengsti ás kvarnarinnar og reiknað var með línulegu sambandi með miðju í 0.0.

Vatnasvæði Fáskrúðs

Vöxtur laxaseiða í Fáskrúð árin 1988-91 er sýndur í töflu 1. Þriggja ára seiði hafa aldrei verið eins smá og 1991, yngri seiði eru af svipaðri stærð og þau hafa verið. Vöxturinn er mjög lélegur og stafar af miklum þéttleika seiða undanfarin ár. Smáseiðamagn í ánni var með minna móti.

*Tafla 1. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Fáskrúðs
1988-1991*

<i>Sýnatökuár og dagssetning</i>					<i>Fjöldi fiska</i>			
<i>Aldur í</i>	<i>1988</i>	<i>1989</i>	<i>1990</i>	<i>1991</i>	<i>88</i>	<i>89</i>	<i>90</i>	<i>91</i>
<i>vetrum</i>	<i>12/6</i>		<i>11/7</i>	<i>12/6</i>				
<i>1+</i>	<i>3.7</i>		<i>3.8</i>	<i>4.0</i>	<i>4</i>		<i>4</i>	<i>2</i>
<i>2+</i>	<i>6.0</i>		<i>5.4</i>	<i>5.5</i>	<i>16</i>		<i>16</i>	<i>1</i>
<i>3+</i>	<i>8.1</i>		<i>7.5</i>	<i>6.8</i>	<i>12</i>		<i>12</i>	<i>7</i>
<i>4+</i>				<i>8.4</i>				<i>5</i>

Vöxtur sleppiseiða upp við Lambeyrarkvísl er mjög góður, miklu betri en neðst í Fáskrúð. Þriggja ára seiði voru að meðaltali 9,8 sm, Samanborið við 6.8 sm neðst í ánni, og stærstu seiðin voru komin í göngubúning og að búa sig undir að fara út. Lítið fannst af eins árs seiðum á ófiskgenga svæðinu en fyrri reynsla hefur sýnt að smá seiði veiðast þar illa.

Vöxtur seiða á vatnasvæði Þverár er mjög góður. Eins árs seiði voru 15 júní 7.7 sm og tveggja ára seiði 10.9 sm. Seiðin sem veiddust í net í Miðvatni voru þriggja ára, úr fyrstu sleppingu, og að meðaltali 13.7 sm löng. Ljóst er að sleppingar í Miðvatn og Þverá hafa tekist mjög vel hvað varðar vöxt og viðgang. Í sumar kemur einnig í ljós hvernig þau skila sér í veiði. Gildrurnar hafa sýnt að seiði ganga niður á réttum tíma en ekki hefur verið unnt að festa tölu á seiðunum, m.a. vegna flóða. Vegna þess hve gönguseiði eru viðkvæm og hve illa merkt og meðhöndluð seiði hafa endurheimst, teljum við ekki ráðlegt að reyna að merkja seiði til þess að finna endurheimtur. Niðurstaða úr á hreisturslestri sl. sumar (sjá síðar) sýndi að unnt verður að ákvarða hlutfall sleppiseiða með nægjanlegri nákvæmni til þess að geta metið árangur sleppinganna.

Þó þurrkar hafi farið illa með vatnasvæðið sumarið 1991 verður að halda sleppingunum áfram. Við teljum að bæta þurfi sleppiaðferðir og gera þær léttari í framkvæmd og nákvæmari. Taka má í notkun minni flutningsílát þannig að færri menn geti annast sleppingarnar á lengri tíma. Það er erfitt í framkvæmd að kalla saman her manna og sleppa á heilt vatnasvæði á einum degi.

Hreistursrannsóknir í Fáskrúð

Safnað var hreistri af 118 löxum úr Fáskrúð en það er um 64% af veiðinni, en hún

var 183 laxar. Niðurstöður eru sýndar í töflu 2.

Tafla 2. Niðurstöður greininga á hreistri úr Fáskrúð 1991.

Ár í Ferskv.	Fjöldi	%		Fjöldi	%
2	3	2.5	Hængar 1 ár í sjó	46	43.0
3	9	7.6	Hrygnur 1 "	37	34.6
4	32	27.1	Hængar 2 "	1	0.9
5	54	45.8	Hrygnur 2 "	23	21.5
6	14	11.9			
7	2	1.7	Samtals :	107	100
Hafbeit 3	2.5				
Ólæsileg 1	0.8		Ókyngur. 2 ár í sjó	9	
			" 1 "	1	
Samt:	118	100			

Fullyrða má að 2 og 3 ára seiði séu ekki úr náttúrulegri framleiðslu Fáskrúðs, heldur séu þau úr sleppingum. Þessir laxar eru um 10% aflans. Þriggja ára seiðin eru úr sleppingum 1987 en árið 1988 varð vart við sleppiseiði á ófiskgenga svæðinu, bæði í Þverá og í Fáskrúð ogan Katla. Mestur hluti laxanna er 5 ár í ánni áður en hann gengur til sjávar. Kemur það alveg heim við þann vöxt sem hefur verið á seiðum í ánni undanfarin ár. Einungis 3 fiskar virtust geta verið úr sleppingum á gönguseiðum utan vatnakerfisins. Niðurstöður eru svo ótvíræðar og skilin svo skörp á milli náttúru- og sleppiseiða að auðvelt á að vera að mæla árangurinn af ræktunarstarfinu í framtíðinni. Safna verður hreistri áfram og nauðsynlegt er að leita vel að merktum fiskum.

Vatnasvæði Laxár

Vöxtur laxaseiða á fiskgengum hluta Laxár er sýndur í töflu 2 og myndum 1 og 2. Litlar breytingar eru á seiðavexti neðst í ánni en minna virtist af seiðum en áður, sérstaklega þeim smæstu og gæti það vitað á gott.

Fyrir neðan Sólheimafoss eru yngstu seiðin þau stærstu sem fundist hafa á rannsóknatímabilinu, en elstu seiðin jafnframt þau smæstu. Þetta gæti bent til þess að vaxtarskilyrðin séu að batna, enda seiðamagn á þessum stað 1990 og 91 mun minna en 1988 og 89. Á báðum þessum stöðum fannst mikið af gönguseiðum sem tilbúin voru að ganga til sjávar, en einungis fá þeirra voru drepin til sýnatöku. Athugun á báðum stöðum 10 dögum síðar sýndi að seiðin voru öll farin. Í fyrri rannsóknum hefur ekki fundist neitt sviðaður fjöldi gönguseiða og gefur það góðar vonir fyrir ári 92 og 93. Þar sem ekki hefur tekist að tímasetja niðurgöngu seiðanna fyrr en nú er mögulegt að þegar fyrri rannsóknir voru gerðar, hafi seiðin veið farin að ganga eða verið gengin niður og magn þeirra þá virst minna af þeim sökum.

Tafla 2. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Laxár 1988-1991.

Við brú á Þjóðvegi:

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning				Fjöldi fiska			
	1988	1989	1990	1991	88	89	90	91
	12/6	7/7	16/6	12/6				
1+	4.3	4.3	4.1	5.0	7	19	9	2
2+	6.0	6.8	6.1	6.4	16	21	17	17
3+	8.1	8.9	8.1	8.3	2	5	4	5

Fyrir neðan Sólheimafoss:

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning				Fjöldi fiska			
	1988	1989	1990	1991	88	89	90	91
	12/6	7/7	16/6	12/6				
1+	4.5	4.3	(4.1)	4.8	1	5	0	7
2+	5.9	6.1	5.7	6.4	21	10	6	2
3+	8.8	8.3	7.8	7.5	23	23	9	5
4+	9.8	11.4	10.4	9.6	7	4	5	8

(Engin árgömul seiði fundust vorið 1990 og er því gildið fyrir það ár sett í sviga.)

Það er lengdin sem fékkst á neðstu stöðinn það árið.)


Á ófiskgenga sæðinu við Sólheima fundust gönguseiði

á leið til sjávar. Þau voru 10.6 sm löng, 3 ára og úr fyrstu sleppingu. Engin tveggja ára seiði fundust en eins árs seiði voru 7.8 sm að meðaltali.

Í Skeggjagilsá var mikið af seiðum, tveggja ára seiði eru flest 8-10 sm. Þriggja ára gönguseiði á niðurleið var 12 sm 3 ára. Athuga ber að lítið svæði var veitt og við tímum ekki að drepa fleiri seiði til sýnatöku.

Skeggjagil vex í áleti sem uppdælisstöð með hverju árinu sem líður og verður fróðlegt að sjá hvernig seiðum

Mynd 1. Lengd laxaseiða í Laxá við brú 1988-91




reiðir af í ánni lengra uppi á fjallinu en þar er botn hennar mjög góður.

Hreistri var safnað af veiddum laxi og var reynt að ná sem jöfnustu úrtaki. Tilgangur söfnunar á hreistri er að fá upplýsingar um aldur fiskanna við sjávargöngu og hve lengi þeir hafa dvalið í sjó. Einnig fæst vitneskja um flökkufiska og hægt er að meta árangur fiskræktar.

Niðurstöður hreisturslesninga í Laxá eru sýndar í Töflu 3.

Mynd 2. Lengd laxaseiða neðan við Sólheimafoss 1988-91



Tafla 3. Niðurstöður greininga á hreistri úr Laxá í Dölum 1991.

Ár í Ferskv.	Fjöldi	%		Fjöldi	%
2	1	0.5	Hængar 1 ár í sjó	64	51.6
3	32	16.6	Hrygnur 1 "	31	25.0
4	104	54.2	Hængar 2 "	8	6.5
5	41	21.4	Hrygnur 2 "	21	16.9
6	4	2.1			
Hafbeit 10	5.2		Samtals :	124	100
Samt. 124	100				

Flest seiðanna dvelja 4 ár eða lengur í ánni. Þetta kemur vel heim við seiðarannsóknir, en aðeins í þverám og lækjum við Laxá hafa fundist náttúrulega klakin seiði sem hafa svo góðan vöst að þau verði tilbúin á þremur árum. Slíkt á að sjálfssögðu við um sleppiseiði á fiskgenga hlutanum. Seiðin sem flokkast sem hafbeitarfiskur gætu verið úr sleppingum í ána, en þau gætu líka verið flækingar annars staðar frá. Ekki virðist ástæða til að óttast að flækingar séu að blandast stofninum í neinum mæli. Árangur hreisturgreininga er það áhugaverður að rétt þykir að halda áfram að safna. Jafnframt ber að skoða hvern einasta fisk til þess að sjá hvort hann sé merktur.

Gagnasafn, Vatnasvæði Laxár í Dölum og Fáskrúðs 1991

A) Fiskgengur hluti Laxár

1) Laxá neðan við Sólheimafoss, 12/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
18	4.8	1	8.0		1	4.2						0.600
19	4.9											
20	4.8											
21	5.0											
22	4.6											
23	4.7											
24	4.7											

MT: 4.8
SD: 0.1

16	6.6	3	12.5		2	3.2	6.1					0.528
17	6.2	2	12.0		2	3.1	6.2					0.517

MT: 6.4 2.5 12.2 2 3.1 6.1 0.522

11	7.5	4			3							
12	7.7	4			3							
13	7.3	4			3							
14	7.4	4	14.5		3	3.6	5.6	7.1				0.510
15	7.4	4	14.0		3	3.2	4.8	6.9				0.529

MT: 7.5 4.0 14.2 3 3.4 5.2 7.0 0.5
ST: 0.2 0

3	11.0	12	20.0	S01	4	4.1	6.6	8.5	10.5			0.550
4	10.7	10		S01	4							
5	10.2	9	18.0		4	3.4	5.7	7.6	9.6			0.567
6	9.4	7	17.0		4	3.6	5.0	7.2	8.8			0.553
7	9.7	8			4							
8	8.7	6			4							
9	8.5	6			4							
10	8.7	7			4							

MT: 9.6 8.1 4 3.7 5.7 7.8 9.6 0.6
SD: 1.0 2.1

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	11.5	14	19.0	S01	5	4.2	6.7	8.5	9.7	10.9		0.605
2	11.6	14		S01	5							

MT: 11.6 14.0

2) Laxá við Hólmavatnsá 14/6

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	11.5	14.0	20.0	S02	3	5.7	8.6	10.9				0.575
2	12.0	16.0		S11	3							

MT: 11.7 15.0

1) Laxá við brú 12/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
27	5.3				1							
28	4.7				1							

MT: 5.0

10	7.2	4.0										
11	7.3	4.0										
12	6.5	3.0	13.0		2	3.0	6.0					0.500
13	7.0											
14	6.7											
15	6.5											
16	6.5											
17	6.9											
18	6.5											
19	6.2											
20	6.1											
21	5.9											
22	6.1											
23	5.8											
24	6.0											
25	6.2											
26	5.7				2							

MT: 6.4 2 3.0 6.0

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
5	9.2	7.0	16.5		3	3.6	5.9	8.9				0.558
6	8.5	5.0	16.0		3	3.7	5.8	8.0				0.531
7	8.0	4.0	14.5		3	3.3	5.5	7.7				0.552
8	8.0	5.0										
9	8.0	5.0										

Mt: 8.3 5.2 15.7 3 3.6 5.7 8.2 0.547

2	12.4	16.0	20.0	S01	3	3.7	6.8	11.8				0.620
3	11.3	12.0	19.0	S11	3	4.2	6.5	10.4				0.595
1	13.5	22.0	20.0	S11	4	4.1	7.4	10.1	12.8			0.675
3	11.6	14.0	20.0	S01	4	4.1	5.8	8.1	11.0			0.580

B) Ófiskgengi hluti Laxár

1) Laxá fyrir neðan Sólheima 13/6 91

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
3	7.8	5	11.0		1	7.1						0.709
4	7.5		10.0		1	6.7						0.750
5	8.0											
6	7.8											

MT: 7.8 6.9

1	10.7	13.0	-kv	S01								
2	10.5	12.0	15.0	S01	3	4.9	7.0	9.8				0.700

2) Skeggjagil 13/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
2	10.5	14.0	18.0		2	5.8	8.7					0.583
3	8.2		15.0		2	5.5	7.7					0.547
4	8.2		15.5		2	5.3	7.9					0.529
5	7.9		14.0		2	5.1	7.3					0.564
6	5.8		15.5		2	3.4	5.6					0.374

MT: 8.1 15.6 5.0 7.5

1	12.0	17.0	21.0	S01	3	5.7	8.6	11.4				0.571
---	------	------	------	-----	---	-----	-----	------	--	--	--	-------

3) Hólmavatnsá, gildra 21/6

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	14.0		21.0	11	3	5.3	9.3	13.3				0.667
2	14.6		20.0	01	4	6.6	10.2	11.7	13.9			0.730

C) Fiskgengi hlutinn á miðju sumri

1) Laxá Helgabakki 27/7 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
9	6.7											
10	6.4											
11	6.4											
12	6.4											

13	6.7	11.0	1	4.3	0.609
14	6.4				
15	6.5				
16	6.0				
17	6.4				
18	6.3				
19	5.5	10.0	1	3.9	0.550
20	5.5				
21	5.5				
22	5.5				

MT: 6.2 4.1

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
5	8.1				2							
6	8.0											
7	7.4											
8	7.2											

MT: 7.7

4	8.7	14.0	3	3.1	5.0	7.5	0.621
---	-----	------	---	-----	-----	-----	-------

2	9.6	17.0	4	4.0	5.6	7.3	9.0	0.565
3	9.5							

1	10.9	20.0	5	3.8	6.0	7.1	9.3	10.4	0.545
---	------	------	---	-----	-----	-----	-----	------	-------

No: Númer sýnis, Fiskar númeraðir eftir röð á ljósmyndum, talið frá vinstri.

FL: Lengd fisksins, mæld í sporðsýlingu.

Ald: Aldur í vetrum

L1, L2 o.s.frv: Lengd(FL) við 1. 2. vetur o.s.frv.

KVL: Kvarnarlengd, ótiltekinn mælikvarði

MT: Meðaltal

SD: Staðalfrávik

S: Gönguseiði, tilbúið til sjávargöngu

P: Venjuleg seiði, ekki gönguseiði

0: Hrygna

1: Hængur

Kynþroskastig, talan sem kemur á eftir tölu fyrir kyn:1-2=geldur, 4= kynþroska

Vatnasvæði Fáskrúðs

A) Fiskgengi hlutinn

1) Fáskrúð ofan við brú 13/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
20	3.8				(1)							
19	4.3				(1)							
18	5.5				(2)							
11	7.0											
12	7.4											
13	7.0											
14	6.7											
15	6.8											
16	6.7		13.5		3	3.0	4.5	6.5				0.496
17	6.0		13.0		3	2.5	3.9	5.8				0.462

MT: 6.8

6	9.2	8			4							
7	9.0	7	17.0		4	4.0	6.1	7.7	8.5			0.529
8	8.0		15.3		4	3.1	4.7	6.3	7.8			0.523
9	8.0											
10	8.0											

MT: 8.4

1	14.0	25	20.0	S01	3	5.6	9.8	13.3				0.700
2	12.1	17	20.0	S01	3	5.4	8.5	11.5				0.605
3	12.0	16	22.0	S01	3	5.5	8.2	11.5				0.545

MT: 12.7 19.3 20.7 3 5.5 8.8 12.1

5	10.5	10	19.0	PS01	4	3.9	6.1	7.7	9.9			0.553
---	------	----	------	------	---	-----	-----	-----	-----	--	--	-------

4	10.3	10	18.5	S01	5	3.3	5.6	7.2	8.4	9.5		0.557
---	------	----	------	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	--	-------

2) Fáskrúð, ofan við ármót Þverár 15/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
2	9.5	9			4							
3	9.4	8			4							
4	8.5	6	16.5		4	3.6	5.2	6.2	8.2			0.515

MT: 9.1

1	12.7	19.0	23.0	S11	6	3.9	5.5	7.7	9.9	11.0	12.1	0.552
---	------	------	------	-----	---	-----	-----	-----	-----	------	------	-------

B) Ófiskgengi hlutinn

1) Neðan við Lambeyrar 13/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	11.3	25	19.0	PS11	3	5.9	8.9	10.7				0.595
2	10.0	17	20.0	PS01	3	4.5	6.5	9.5				0.500
3	9.6	16		PS01	3							
4	9.7	10	18.0		3	5.4	7.5	9.2				0.539
5	8.2	10	13.5		3	4.3	5.5	7.9				0.607

2) Ofan Katla miðsvæðis 13/6 91

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	10.5	12			3							
2	6.8				1							

3) Þverá 200 m ofan ræsis 15/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
6	8.5		13.0		1	7.8						0.654
7	8.0		13.0		1	7.4						0.615
8	8.0		11.0		1	7.3						0.727
9	6.3		11.0		1	5.7						0.573

MT: 7.7 12.0 7.1

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	13.5	25	21.0	S11	2	7.1	12.2					0.643
4	10.0	10	16.0		2	5.0	9.4					0.625
5	9.2	9	16.0		2	5.7	8.6					0.575
2	12.5	20	21.0	S11	3	6.0	8.3	11.9				0.595
3	10.1	10	20.0	P11	3	4.5	7.1	9.6				0.505

4) Miðvatn, net 21/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
1	13.4			S01	3							
2	13.4		22.0	S01	3	5.5	7.9	12.2				0.609
3	13.9			S11	3							
4	13.9		17.0	S01	3	5.7	9.8	12.3				0.818

MT: 13.7 5.6 8.9 12.2

5) Neðan Miðvatns 21/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
2	10.3		15.0		1	9.6						0.687
3	9.7		12.0		1	8.9						0.808
4	7.6		12.0		1	7.0						0.633
5	6.5											
6	5.9											

MT: 8.0

1	11.2		17.0		2	5.9	9.2					0.659
---	------	--	------	--	---	-----	-----	--	--	--	--	-------

6) Neðan Neðstavatns 21/6 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
5	6.8		11.0		1	6.2						0.618
4	7.9											

1	11.0		19.0		2	5.8	9.8					0.579
2	10.9		19.0		2	5.7	9.8					0.574
3	9.7		17.0		2	5.1	8.6					0.571

MT: 10.5 5.6 9.4

7) Þverá 500 m ofan ræsis 27/7 1991

No	FL	ÞYN	KVL	KYN	Ald	L1	L2	L3	L4	L5	L6	L/KVL
4	9.0		16.0		1	6.7						0.562
5	8.3		12.0		1	6.2						0.692

MT: 8.7 6.5

1	11.1		23.0	01	3	5.3	7.7	9.7				0.483
2	12.0		22.0	01	3	5.5	8.2	10.9				0.545
3	10.7			14	3							

MT: 11.3 5.4 8.0 10.3

No: Númer sýnis, Fiskar númeraðir eftir röð á ljósmyndum, talið frá vinstri.

FL: Lengd fisksins, mæld í sporðsýlingu.

Ald: Aldur í vetrum

L1, L2 o.s.frv: Lengd(FL) við 1. 2. vetur o.s.frv.

KVL: Kvarnarlengd, ótiltekinn mælikvarði

MT: Meðaltal

SD: Staðalfrávik

S: Gönguseiði

P: Venjuleg seiði, ekki gönguseiði

0: Hrygna 1: Hængur. Kynþroskastig, talan sem kemur á eftir tölu fyrir kyn:1-2=geldur, 4= kynþroska

